# EFTIRLITSSKÝRSLA

UMHVERFISSTOFNUN

**Sveitarfélagið Skagafjörður   Skarðsmóar við Sauðárkrók**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 4.6.2014 | **Fulltrúi UST** | Sigrún Guðmundsdóttir |
| **Fyrirtæki** | Sveitarfélagið Skagafjörður | **Fulltrúi UST** | |
| **Heimili** | Skagfirðingabraut 17 Sauðárkróki | **Tegund eftirlits** | Reglubundið |
| **Kennitala** | 5506982349 | **Flokkur** | Úrgangur og efnamóttaka |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Indriði Þ. Einarsson | **ÍSAT nr.** | 38.21.00 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | | **Staðsetning** | 470728,446     583246,308 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Enn er úrgangur á urðunarstaðnum, mest viðarbrak, en frágangur á yfirborði er hafinn. Starfsleyfi rekstraraðila er í gildi en rekstraraðili hyggst ógilda það innan tíðar. Gerðar eru ein athugasemd og eitt frávik staðfest. Frávikið varðar ófullnægjandi mælingar á vatni af urðunarstaðnum sem og vöntun á upplýsingum um gerðar mælingar. Í reglubundnu eftirliti árið 2012 var rekstraraðili kvattur til samráðs um þessa þætti. Athugasemdin varðar lokunaraðgerðir á urðunarstaðnum.

## UMFANG EFTIRLITS

Urðunarstaður var skoðaður ásamt Indriða Þ. Einarssyni frá Sveitarfélaginu Skagafirði og farið yfir þau gögn sem fyrir liggja um staðinn, hvað varðar stöðvun starfsemi, lokun hans og mælingar.

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|---|---|
| Kveðið er á um mælingar á grunn-, yfirborðs og sigvatni í reglug. nr. 738/2003, m.a. viðauka III. | Mælingar á vatni frá urðunarstaðnum voru ekki framkvæmdar í samráði við eftirlitsaðila og upplýsingar um gerðar mælingar eru ófullnægjandi, t.a.m. vantar uppl. um val á sýnatökustað, sýnatökuna sjálfa og mæliþætti. |

## ATHUGASEMDIR

Úrgangur er enn á svæðinu og frágangi á yfirborði urðunarstaðarins er ekki lokið eins og fyrirhugað var í lokunaráætlun rekstraraðila

## ANNAÐ

Starfsleyfi rekstraraðila er ekki tímabundið eins og lög gera ráð fyrir en rekstraraðili hyggst láta ógilda það innan tíðar

Reykjavík, 07.08.2014

Sigrún Guðmundsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.